

Mat á fyrra námi í Kennslufræði framhaldsskóla, M.Ed. fyrir starfandi framhaldsskólakennara.

(Annaðhvort mat upp í M.Ed. í kennslufræði framhaldsskóla með áherslu á námssvið eða nám sem við myndum kalla M.Ed. í kennslufræði framhaldsskóla – sérskipulagt nám.)

Hér á eftir fara almenn viðmið um mat á fyrra námi og er miðað við að sá sem sækir um mat hafi lokið réttindanámi annað hvort til 30 eða 60 eininga og hafi starfað sem framhaldsskólakennari tvo þriðju hluta starfsferils frá prófinu við kennslu á einhverju skólastigi, þar af þrjú af síðustu fimm árum í framhaldsskóla. Matið gildir næstu **fimm** ár.

A. Allt nám sem skv. þáverandi kennsluskrá var á meistarastigi er metið allt að 60 ECTS nema hjá þeim sem tóku bara 30 ECTS á sínum tíma

- Frá 2005 í HÍ (inntökuár)
- Frá 2007 í HA (inntökuár)
- Frá 2007 í KHÍ (inntökuár)
- Frá 2007–2011 í HR (inntökunárið 2007)
- Aðrir innlendir sem erlendir háskólar, sem gefa út ECTS-vottorð um að námið hafi verið á meistarastigi.

Ef umsækjandi óskar að taka tiltekið námssvið verður út frá kröfum um uppbyggingu náms og öðrum kröfum, t.d. um aðferðafræði, að skoða hvort allar einingarnar falla að skipulaginu. Umsækjandi gæti þá þurft að taka fleiri einingar en fær þó 60 ECTS metnar en lýkur prófi með fleiri einingum.

B. Reglur um þá sem ekki hafa ECTS-vottorð um nám á meistarastigi:

a. Nám þar sem inntökuskilyrði í reynd var bakkalárpróf: allt að 40 ECTS, þ.e. sem samsvarar kjarna nema hjá þeim sem tóku bara 30 ECTS á sínum tíma.

HÍ 1999–2004 (Við höfum ekki fundið nákvæmlega þetta viðmiðunarár – en árið 1999 kemst næst því.)

b. Nám þar sem inntaka fór ekki eftir bakkalárprófi: Allt að 40 ECTS*

HÍ til 1998. (Árið 1976 við stofnun félagsvísindadeildar varð námið tveggja missera nám þar sem fyrri helmingur þess var samkenndur með BA-námi í uppeldisfræði.)

Í KHÍ var námið bæði ætlað iðnmeisturum og fólki með háskólagráðu með sömu kröfum fyrir báða hópa. (Námið hófst 1976 eingöngu fyrir iðnmeistara en smám saman voru teknir inn í námið nemendur með háskólagráður.)

Í HA frá 1994 var námið ætlað bæði ætlað iðnmeisturum og fólki með háskólagráðu með sömu kröfum fyrir báða hópa þar til 2007 að náminu var skipt upp.

Að tilboðstímanum liðnum falla niður sérstakar skuldbindingar um mat á námi enda gilda eftir það almennar reglur deildar og sviðs um mat á námi. Viðbótardiplóma sem formlega var á meistarastigi skv. A heldur þannig gildi sínu falli hún að námsskipulagi hvers tíma.

Deildarráð samþykkti matsreglurnar 6. janúar 2012 og munu þær gilda í fimm ár, í síðasta sinn við inntöku árið 2016. Jafnframt var samþykkt að setja reglurnar á vef Kennaradeildar og kynna þær fyrir Félagi framhaldsskólakennara.

*Deildarráð samþykkti 8. október 2013 að breyta mati undir lið B. b. úr 20 ECTS í 40 ECTS.